

# Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## Fundargerð

### Skólanefnd.

#### 20. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 25. maí 2010 kl. 16:00.

Mætt voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Eyþór Pétursson, Ásdís Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Skólalok.

Sjálfsmatskýrslan mun koma út í vor. Könnun var lögð fram fyrir nemendur, foreldra og kennara eftir páska vegna sjálfsmatsins þar kemur meðal annars fram að enginn nemandi telur sig lagðan í einelti.

Valið í 8. 9. og 10. bekk verður með svipuðu sniði næsta skólaár.

Vorþema er umhverfistengd þar sem endurnýjun á Grænfánanum er í vinnslu. En Grænfánaverkefnið er í gildi í tvö ár í senn.

9. og 10. bekkur eru í skólaferðalagi og fóru til Vestmannaeyja.

3. Næsta ár.  
Ingibjörg Björnsdóttir og Aðalheiður Helgadóttir hafa sagt upp sínum stöðum.  
Kennara vantar í eina stöðu fyrir alla heimilisfræðina og á yngsta stigið.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 17:15.

Hrafnhildur Geirsdóttir,  
Steinunn Ósk Stefánsdóttir,  
Eyþór Pétursson,  
Ásdís Jóhannesdóttir,  
Þórhalla Valgeirsdóttir